

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2020
UST202005-219/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Dýpkun Sundahafnar utan Sundabakka og efnislosun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvað forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða fjórða áfanga í dýpkunaráætlun sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum árið 2000. Ráðgert er að fjarlægja um 300.000 m³ við dýpkunina og verður efnið losað í aflagða námu á hafsbotni suðaustur af Engey.

Botndýralíf á dýpkunar- og losunarsvæði er talið fábreytt og tegundir algengar við landið. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar var talið mikilvægt að ekki yrði sprengt á dýpkunarsvæðinu á göngutíma seiða og laxfiska frá maí til september.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun áréttar að sækja verður um leyfi stofnunarinnar til varps dýpkunarefna í hafið, sem er áætlað 300.000 m³, í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Nauðsynlegt er að upplýsingar um niðurstöður efnagreininga á mengandi efnum í sýnum af botnseti berist til Umhverfisstofnunar um leið og þær liggja fyrir.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur